

STÆKKUN FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR VIÐ HAKIÐ Á ÞINGVÖLLUM

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun fræðslumiðstöðvar við Hakið á Þingvöllum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Um er að ræða framkvæmdir innan þjóðgarðsins á Þingvöllum og telur Skipulagsstofnun mikilvægt að öllu raski verði haldið í lágmarki eins og framkvæmdaraðili boðar. Að mati Skipulagsstofnunar verða helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda vegna röskunar eldhrauns sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Um er að ræða svæði sem verður fyrir óafturkræfu raski og verða áhrifin því nokkuð neikvæð á jarðmyndunina.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Bláskógabyggðar og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Þingvallanefnd og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. júlí 2009.

5. júní 2009

INNGANGUR

Þann 19. maí 2009 tilkynnti Landslag ehf. f.h. Þingvallanefndar stækkun á fræðslumiðstöð við Hakið á Þingvöllum í Bláskógabyggð til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. tl. 12 c sbr. einnig 13. lið a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Samkvæmt framlögðum gögnum er fyrirhugað að stækka núverandi fræðslumiðstöð við Almannagjá og byggja nýja snyrtiaðstöðu með það í huga að bæta þjónustu og aðgengi í þjóðgarðinum. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Bláskógabygðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð með bréfi dags. 27. maí 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. maí 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 25. maí 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. maí 2009. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 5. júní 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur í framlögðum gögnum að fyrirhuguð framkvæmd sé innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, ofan við Hakið, í landi Brúsastaða, við Kárastaðastíg sem liggja að Almannagjá. Árið 2001 hafi verið byggð um 220 m² fræðslumiðstöð við Hakið, en nú sé fyrirhugað að stækka miðstöðina um 800 m² og byggja nýja, allt að 150 m² snyrtiaðstöðu á um 340 m² lóð. Fram kemur að nú séu 27 bílastæði og 5 stæði fyrir fókshlutningabifreiðar við fræðslumiðstöðina, en fyrirhugað sé að stækka bílastæðið þannig að rústæðum muni fjölga um 5 og bílastæðum um 38. Fram kemur að búist sé við heildargestafjölda á ári verði um 400.000 eða um 2000 gestir á dag og að markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum sé að bæta aðgengi að þjóðgarðinum á Þingvöllum og auka þjónustu við gesti hans.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að nánasta umhverfi fræðslumiðstöðvarinnar á Hakinu sé samfelld hraunsvæði, Kerlingahraun, með djúpum sprungum, næst gjárbarminum. Fyrirhuguð viðbygging fræðslumiðstöðvar sé að mestu á sléttu hrauni og taki lögum hennar mið af því að hraunbungur og gjótur fái að halda sér. Ein minniháttar hraunbunga muni lenda innan byggingarreits, en þrátt fyrir það eru áhrif á jarðmyndanir talin óveruleg. Lögð verði áhersla á að raski vegna framkvæmdarinnar verði haldið í algjöru lágmarki og athafnasvæði verktaka verði afmarkað með snúru eða á annan áberandi hátt. Haft verði samráð við eftirlitsmann og staðarhaldara um afmörkun byggingasvæðis og umgengni um það.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að í könnun Fornleifastofnunar sé þess getið að ekki sé fullljóst hvort mannvirki á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda séu öll eldri en 100 ára og njóti því friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum. Mælt sé með að minjarnar verði látnar njóta vafans og þess gætt að raska þeim ekki. Þær séu utan við fyrirhugaða byggingalóð og vegastæði, en engu að síður svo nálægt þeim að gæta þurfi fyllstu varúðar m.a. við umferð vinnuvéla.

Áhrif á landslag og gróður. Fram kemur að útlit fyrirhugaðra bygginga og yfirbragð muni taka mið af núverandi byggingu og muni þær ekki vera hærri en núverandi

þjónustubygging. Jafnframt verði hluti þjónustumiðstöðvarinnar niðurgrafinn og því talið að áhrif á landslag og sjónræn áhrif, verði óveruleg. Þar sem byggingarreitur sé að mestu á hrauni séu áhrif á gróður talin óveruleg.

Áhrif á grunnvatn - frárennsli. Fram kemur að ekki sé talið að áhrif á grunnvatn verði veruleg. Fyrirhuguð uppbygging sé í samræmi við skilmála um hverfisvernd og svæði á náttúruminjaskrá í gildandi aðalskipulagi. Frárennismál verði í samræmi við viðeigandi reglugerðir og sé talin stafa óveruleg mengunarhætta af frárennsli miðað við þær ráðstafanir sem gripið verði til.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirbyggjandi sé samþykkt aðalskipulag 2004-2016 og deiliskipulag samþykkt af hreppsnefnd Þingvallahrepps þann 06.10.1999. Breyting á deiliskipulaginu var samþykkt af sveitastjórn Bláskógarbyggðar þann 06.05.2008. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa áhrif á núgildandi skipulagsáætlanir svæðisins.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Bláskógabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun segir í umsögn sinni að ekki sé líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en ítrekar það álit sitt sem fram kom í umsögn stofnunarinnar við deiliskipulag, dags. 1. apríl 2008. Í umsögninni kemur m.a. fram að stofnunin telji mikilvægt að þess sé gætt að hraunmyndunum verði ekki raskað sé þess nokkur kostur og að gera þurfi nánar grein fyrir gróðri sem raskast muni við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gera megi ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir raski milli 0,15-0,2 ha af hrauni. Farið var fram á að Eyþór Einarsson grasafraeðingur gerði nánari úttekt á gróðri á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og hafi niðurstaða hans verið að á því svæði sem upplýsingamiðstöðin á að rísa, hafi gróðri greinilega verið raskað fyrir nokkrum áratugum og sé gróðurþekjan þar ennþá ósamfelld. Ekki sé vitað um sérstæðar plöntutegundir á framkvæmdasvæðinu og eru ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir m.t.t. áhrifa þeirra á gróður en lögð áhersla á að öllu raski verði haldið í lágmarki.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands segir í umsögn sinni að eftirlitið hafi kynnt sér aðstæður á vettvangi og sérstaklega forsendur hönnunar fráveitu og hreinsivirkis, sem uppfylli kröfur reglugerðar nr. 650/2006 um verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Heilbrigðiseftirlitið telji fyrir sitt leyti að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir um mengunarvarnir og umhverfisþætti í tilkynningu framkvæmdaraðila.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun núverandi fræðslumiðstöðvar við Hakið, innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, byggingu nýrrar snyrtiaðstöðu auk gerðar bílastæða með það í huga að bæta þjónustu og aðgengi í þjóðgarðinum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. tl. 12 c sbr. einnig 13. lið a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna röskunar eldhrauns sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Um er að ræða svæði sem verður fyrir óafturkræfu raski og verða áhrifin því nokkuð neikvæð á jarðmyndunina. Sjónræn áhrif framkvæmdanna verða að einhverju marki neikvæð, þ.e. ásýnd svæðisins breytist þar sem mannvirki verða umfangsmeiri og því meira áberandi en við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á gróður verði ekki veruleg. Um er að ræða framkvæmdir innan þjóðgarðins á Þingvöllum og telur Skipulagsstofnun mikilvægt að öllu raski verði haldið í lágmarki eins og framkvæmdaraðili boðar. Skipulagsstofnun telur að ekki eigi að vera hætt á mengun af völdum frárennslis miðað við það fyrirkomulag fráveitu og hreinsunar sem fram kemur í greinargerð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun fræðslumiðstöðvar við Hakið á Þingvöllum í Bláskógabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Bláskógabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Heilbrigðisefirlits Suðurlands. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við aðalskipulag Þingvallahrepps og samþykkt deiliskipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. júlí 2009.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson